



6. nóvember 2024
Tilv.: 2411029

SEL I hs.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efni: Staðfesting viðauka við lýsingu SEL I hs.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur yfirfarið viðauka við lýsingu SEL I hs. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndum viðauka er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. llv. staðfestir fjármálaeftirlitið viðauka, dags. 5. nóvember 2024, við lýsingu, SEL I hs., dags. 1. nóvember 2024.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. llv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Virðingarfyllst,

Páll Friðriksson
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
háttsemiseftirlit

